



Útsvar 2022

Í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, er lagt til að útsvar ársins 2022 verði óbreytt frá árinu 2021, eða 14,52%.

Samkvæmt 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 23. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Skal tilkynning berast ráðuneytinu fyrir 15. desember ár hvert.